

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. janúar 2025

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Efni: Tillögur um sparnað og hagræðingu í ríkisrekstri

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til óska forsætisráðuneytisins um hugmyndir, ábendingar og tillögur um sparnað og hagræðingu í ríkisrekstri, sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda 2. janúar síðastliðinn. Hér á eftir fara tillögur FA í stuttu máli. Þær eru sumar byggðar á fyrri tillögum og erindum félagsins til hinna ýmsu ráðuneyta, sem stjórnvöld hafa hingað til ekki skeytt um. Ýmsar þeirra eru byggðar á ábendingum félagsmanna í FA, sem kallað var eftir vegna ofangreinds frumkvæðis ráðuneytisins.

Félagið getur í flestum tilvikum útvegað ýtarefni, nánari gögn og upplýsingar, sé eftir því óskað. Þá er félagið ævinlega reiðubúið að funda með ráðuneytinu og eftir atvikum öðrum ráðuneytum um einstök atriði í þessum tillögum.

I. Fækkun ríkisstarfsmanna og ráðningarstopp í stjórnsýslu

[Skýrsla ráðgjafarfyrirtækisins Intellecton](#), sem unnin var fyrir FA 2023, sýndi að opinberum starfsmönnum hefði á sex ára tímabili fjölgað um rúmlega 20%, á sama tíma og fólki á almennum vinnumarkaði fjölgaði um 3%. Fjölgunin var mest í opinberri stjórnsýslu, eða um 60% á sex árum. Umfang hins opinbera á vinnumarkaðnum er með því mesta sem gerist innan OECD. Að mati FA er full ástæða til að staldra við og setja stopp á nýráðningar innan stjórnsýslunnar nema í sérstökum undantekningartilvikum, því að fjölgunin virðist stjórnlaus. Það getur ekki talizt eðlilegt að störfum á vegum hins opinbera fjölgi hraðar en á einkamarkaðnum.

II. Kjör opinberra starfsmanna og samanburður við einkamarkaðinn

Í ofangreindri skýrslu Intellecton var sýnt fram á að á undanförunum árum hefur launamunur milli opinberrar stjórnsýslu og einkamarkaðarins nánast horfið. Launakostnaður á hverja vinnustund í opinberri stjórnsýslu hefur farið mjög hækkandi, mun meira en á almenna markaðnum. Um leið njóta opinberir starfsmenn ýmissa sérreittinda umfram starfsfólk á almennum vinnumarkaði, s.s. styttri vinnuviku, lengra orlofs, ríkari veikindaréttar og meira starfsöryggis. Ekki eingöngu eru þessi sérreittindi opinberra starfsmanna til kostnaðarauka fyrir skattgreiðendur heldur gera þau einkafyrirtækjum torvelt fyrir að keppa við stjórnsýsluna um sérhæft starfsfólk, einkum sérfræðinga og stjórnendur.

FA telur ótækt að hið opinbera leiði launa- og kjarapróun í landinu, eins og gerðist með kjarasamningum árið 2014, þar sem samið var um langtum meiri hækkanir en á almennum markaði, og í samningunum 2019 þegar opinberir starfsmenn fengu miklu ríflegri styttingu vinnuviku en starfsfólk á almennum markaði, undir því falska flaggi að verið væri að gera sambærilegar breytingar

og í lífskjarasamningunum á almenna markaðnum. Að mati FA er ekki hægt að láta undan kröfum samtaka opinberra starfsmanna um launahækkanir umfram það sem gerist á almenna markaðnum nema um leið séu sérréttindi þeirra leiðrétt.

III. Breytingar á starfsmannalögum

FA telur algjört lykilatriði, til þess að áform ríkisstjórnarinnar um hagræðingu og sparnað í rekstri ríkisins verði að veruleika, að gerðar verði breytingar á lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Afnema verður þau sérréttindi, sem þar eru lögfest, ekki sízt uppsagnarverndinni sem felst í því að opinberum starfsmanni verði ekki sagt upp nema að undangenginni áminningu vegna slægrar frammistöðu í starfi. Ítrekað hefur komið fram í könnunum á meðal forstöðumanna ríkisstofnana að þeir telja starfsmannalögin standa í vegi fyrir skilvirkni, hagræðingu og bættri þjónustu í opinberum rekstri. Í ljósi þess að kjör starfsmanna ríkisins eru orðin sambærileg eða betri en á einkamarkaði og lífeyrisréttindi samræmd til framtíðar er fullkomin tímaskekkja að viðhalda tvískiptum vinnumarkaði að þessu leyti. Jafnframt er ástæða til að skoða hvort það fyrirkomulag eigi áfram að gilda að ákvarðanir um ráðningar og starfslok hjá ríkinu séu stjórnvaldsákvarðanir og falli þannig undir stjórnsýslulög, eða hvort almenna vinnumarkaðslöggjöfin skuli gilda.

Ef ríkisstjórnin hefur ekki kjark til að breyta starfsmannalögum og afnema sérréttindi opinberra starfsmanna verður lítið úr hagræðingaráformum hennar.

IV. Sameining og fækkun stofnana

FA fagnar áformum ríkisstjórnarinnar um einföldun stjórnsýslu og fækkun stofnana. Félagið leggur til að því vinnulagi verði breytt að stofnanir séu sameinaðar án þess að störfum og stöðugildum sé fækkað, nema þá helzt í yfirstjórn. Það á ekki að vera markmið við sameiningu stofnana að vernda störf ríkisstarfsmanna, heldur þvert á móti að með fækkun og sameiningu stofnana verði hægt að vinna verkefnið með minni mannskap. FA varar við flutningi stofnana á milli landshluta án þess að fyrir liggja faglegt og óháð mat á kostnaði og ávinningi. Sporin hræða í því efni, til dæmis hreppaflutningar Fiskistofu. Kostnaðar- og ábatamat ætti jafnframt að framkvæma á því fyrirkomulagi að reka stofnanir á mörgum stöðum í þágu byggðastefnu.

V. Opinber innkaup

Stórfelldur misbrestur er á því, að mati FA, að opinberar stofnanir fari að lögum um opinber innkaup hvað varðar útboð á kaupum vöru og þjónustu. Það vekur furðu að heimsækja opinberar stofnanir, þar sem bruðl og flotræfilsháttur er ríkjandi og húsgögnin úr dýrustu hönnunarverzlunum landsins. Rifja má upp fréttir, unnar upp úr reikningum ríkisins, um að opinberar stofnanir séu dyggustu viðskiptavinir dýrustu kaffiþjónustu landsins þegar langtum ódýrari lausnir af sambærilegum gæðum eru í boði. Sumar stofnanir, jafnvel sjálf ráðuneytin, reyna kerfisbundið að koma sér hjá útboðum með því að skipta innkaupum upp í skammta sem eru undir viðmiðunarfjárhæðum eða beita langsóttum lagalegum skilgreiningum til að láta líta út fyrir að þau falli ekki undir útboðsskyldu. Í sumum tilvikum er þetta gert til að vernda einstök fyrirtæki, sem sitja að tilteknum viðskiptum, bæði einkafyrirtæki og fyrirtæki í eigu hins opinbera. Alltof algengt er að útboðsskilmálar beri það með sér að búið sé að ákveða fyrirfram hvaða vöru eða þjónustu eigi að kaupa og útboðið sé til málamynda. Ekki felur þetta einasta í sér soun á fé skattgreiðenda, heldur spillir heilbrigðri samkeppni á markaði.

1. Skilvirkt eftirlit með opinberum innkaupum

Stóra vandamálið við eftirfylgni með lögnum um opinber innkaup er að ekkert kerfisbundið eftirlit fer fram með því að opinberar stofnanir fari eftir þeim. Kærunefnd útboðsmála er bundin fremur þröngum lagaskilyrðum og fyrirtæki veigra sér oft við að kæra til hennar, bæði vegna kostnaðar og vegna þess að þau vilja ekki koma sér í ónáð hjá opinberum stofnunum. Í öðrum norrænum ríkjum fara samkeppnisyfirvöld gjarnan með eftirlit með opinberum innkaupum. FA leggur til að Samkeppniseftirlitinu verði falið eftirlitshlutverk á þessu sviði. Mikilvægt er að sérstök skylda hvíli á opinberum aðilum að nýta alltaf ódýrasta kostinn sem völ er á í rammamningum, eða þá að rökstyðja sérstaklega hvers vegna hann er ekki valinn.

2. Einkafyrirtæki sjái í auknum mæli um útboð

Að mati FA er tímaskekkja að innkaupaþjónusta fyrir ríkisstofnanir sé aðallega veitt af öðrum ríkisstofnunum á hálfgerðum einokunarmarkaði. Í 1. mgr. 99. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup er tekið fram að ráðherra skuli stuðla að því að innkaup ríkisins í þágu ríkisstofnana séu gagnsæ, hagkvæm og markviss og að veitt skuli aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur. Í 2. gr. reglugerðar nr. 895/2024 er svo sagt að Fjársýsla ríkisins fari með hlutverk miðlægrar innkaupastofnunar á vegum ríkisins, annist innkaup fyrir ríkisstofnanir í A1- og A2-hluta og veiti innkaupaþjónustu í skilningi laga um opinber innkaup.

Í öðrum norrænum ríkjum er innkaupaþjónusta fyrir hið opinbera nær undantekningarlaust veitt af lögfræðistofum og ráðgjafafyrirtækjum á frjálsum markaði. Þar veita miðlægar innkaupastofnanir ekki innkaupaþjónustu í samkeppni við aðila á markaði. Fyrir vikið er mikil samkeppni á markaði fyrir innkaupaþjónustu sem leiðir til þess að gæði slíkrar þjónustu eru alla jafna mun meiri en hér á landi. Að mati FA myndi slíkt fyrirkomulag leiða til þess að framkvæmd innkaupa og útboða yrði vandaðri og skilaði sér í hagkvæmari innkaupum.

3. Innkaup ríkisins á flugferðum

EKKI verður hjá því komið að fjalla hér sérstaklega um innkaupahætti ríkisstofnana við kaup á flugferðum fyrir starfsmenn sína, en þeir eru að mati FA ekkert annað en hneyksli. Óyggjandi gögn liggja fyrir um að viðskiptum ríkisins er beint til Ícelandair fremur en Play þótt bæði þessi Íslenzku flugfélög séu með rammamning við ríkið um afslátt af flugferðum. Nærtækasta skýringin er að Ícelandair veitir vildarpunkta, sem fjölmörg dæmi eru um að opinberir starfsmenn nýti í eigin þágu. Slíkt fer þvert á siðareglur fyrir starfsfólk stjórnarráðsins, almennar siðareglur starfsmanna ríkisins, siðareglur alþingismanna og reglur um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins. Að opinberir starfsmenn þiggi þannig fjárhagslegan ávinning vegna ferða, sem farnar eru á kostnað skattgreiðenda, heitir einfaldlega spilling og á ekki að viðgangast. Eina sennilega skýringin á að þessu fyrirkomulagi hafi ekki löngu verið breytt, er þögul samtrygging stjórn mála- og embættismanna sem vilja ekki missa fríu flugferðirnar sínar. Auk þess liggur í augum uppi að hið opinbera á að leita eftir lægsta verði við innkaup á flugmiðum. FA leggur því til að tekið verði fyrir það að flugfélög veiti opinberum starfsmönnum vildarpunkta og ævinlega verði leitað eftir lægsta verði, en fjöldi flugfélaga flýgur nú til og frá Íslandi.

Jafnframt leggur FA til að ríkið semji með útboði við ferðaskrifstofur um skipulagningu ferða og innkaup á hagstæðustu fargjöldum. Slík fyrirtæki eru sérhæfð í að finna hagkvæmustu lausnirnar og halda nákvæmlega utan um kostnað. Eins og staðan er í dag er fjöldi starfsmanna ríkisstofnana, sem eru ekki sérfræðingar í ferðaskipulagningu, í því að panta flug og skipuleggja ferðir fyrir kollega sína. Þetta er augljóslega verkefni sem væri hagræði að því að útvista.

VI. Niðurgreiddur ríkisrekstur í samkeppni við einkarekstur

Ríkið vasast í alls konar rekstri, sem einkaaðilar geta sinnt jafnvel eða betur - og sá opinberi rekstur kostar skattgreiðendur iðulega háar fjárhæðir, ólíkt einkarekstrinum. Hér eru nokkur dæmi um rekstur sem ætti að aflægja eða hætta að niðurgreiða. Upptalningin er engan veginn tæmandi:

1. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins

Ýmsar vísbendingar hafa verið um það á undanförunum árum að áfengishluti ÁTVR sé rekinn með tapi. Sala dregst saman hjá ríkisbúðinni um leið og áfengisviðskipti færast í auknum mæli yfir á netið, þar sem einkaaðilar keppa við ÁTVR. Það liggur beint við að leggja ÁTVR niður, samhliða heildarendurskoðun á áfengislöggjöfni, þar sem einkaaðilum verður heimiluð smásala áfengis með skýrum hætti og skýrum reglum og skilyrðum. Engin þörf er á að starfrækja ríkisverzlun með áfengi frekar en t.d. útvarpstæki, en Viðtækjaverzlun ríkisins var aflögð 1967.

2. Ríkisútvarpið

Umfang ríkisins á fjölmiðlamarkaði er alltof mikið og nær langt út fyrir eðlilegt öryggis-, lýðræðis- og menningarhlutverk RÚV. Þegar stjórnámamenn spyrja hvort ekki sé hægt að setja mörk á umfang RÚV á auglýsingamarkaði spyrja þeir rangrar spurningar. Það á að spyrja hvort ekki eigi að draga verulega úr umfangi RÚV og minnka reksturinn til muna. Einkareknum fjölmiðlum er fullkomlega treystandi fyrir því að sjá landanum fyrir afþreyingar- og íþróttæfni, svo dæmi séu tekin. Á meðan RÚV ber höfuð og herðar yfir alla aðra fjölmiðla hvað áhorf og hlustun varðar, vilja auglýsendur vera þar. Ef umfang RÚV minnkar, stækkar hlutur annarra fjölmiðla. Útgjöld skattgreiðenda til RÚV myndu minnka og leggja mætti af ríkisstyrki til annarra fjölmiðla.

3. Íslandspóstur

Ríkispóstfyrirtækið hefur um árabíl verið bæði byrði á skattgreiðendum og hreinasta skaðræði fyrir samkeppni á póstmarkaði. Íslandspóstur hefur, í skjóli ónýtra eftirlitsstofnana, komið upp með undirverðlagningu í bæði pakka- og bréfaþósti, sem skekkir að sjálfögðu samkeppni á markaðnum. Með ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar og síðar Byggðastofnunar hafa fyrirtækinu verið úrskurðuð hundraða milljóna króna framlög úr ríkissjóði, sem ekki eiga sér lagastoð. Nú síðast hefur Byggðastofnun skilgreint alla landsbyggðina, utan höfuðborgarsvæðisins, sem óvirkt svæði samkeppnislega varðandi bréfaþóst og lagt þannig grunninn að áframhaldandi framlögum úr ríkissjóði til Íslandspósts, þrátt fyrir að á stórum svæðum á landsbyggðinni, til dæmis á Suðurnesjum og Eyjafjarðarsvæðinu, séu að störfum einkafyrirtæki sem veita Póstinum samkeppni í bréfadreifingu. Rækileg tiltekt, bæði hjá

Póstinum og Byggðastofnun, getur sparað skattgreiðendum milljarða króna á komandi árum. Í raun felst sparnaðurinn ekki í öðru en því að farið sé að póst- og samkeppnislögum.

4. Ríkisstyrktar símenntunardeildir háskóla

Einkarekin fræðslufyrirtæki á sviði sí- og endurmenntunar mæta óvæginni samkeppni af hálfu símenntunardeilda ríkisháskóla og háskóla sem njóta drjúgra ríkisstyrkja. Endurmenntun Háskóla Íslands er til dæmis komin langt út fyrir sitt lögbundna meginhlutverk að „standa fyrir endurmenntun háskólamanna með námskeiðum; fræðslufundum og útgáfustarfsemi“ og er í grimmri samkeppni við einkaaðila með námskeiðum fyrir almenning um allt milli himins og jarðar. Skólarnir hafa ekki farið að tilmælum Samkeppniseftirlitsins um að sýna með skýrum og opinberum hætti fram á fjárhags- og bókhaldslegan aðskilnað hinnar ríkisstyrktu starfsemi og símenntunardeildanna, sem eiga í orði kveðnu að vera fjárhagslega sjálfbærar. Ráðuneyti málaflokksins svarar ekki bréfum þar sem gengið er eftir því að sýnt sé fram á að starfsemin njóti ekki beinna eða óbeinna ríkisstyrkja.

Hægt er að fara ýmsar leiðir til að spara skattgreiðendum fé og leiðréttu um leið samkeppnisumhverfið á sviði sí- og endurmenntunar. Lækka mætti ríkisstyrki til háskólanna og setja þess í stað fé í samkeppnissjóði, þar sem fé færi til þeirra aðila sem byðu upp á áhrifaríkustu eða nauðsynlegustu símenntunina. Um leið drægi úr þörf háskólanna til að byggja upp dýra sérþekkingu eða aðstöðu. Símenntunardeildir gætu einbeitt sér að námskeiðum sem einkaaðilar bjóða síður upp á, til dæmis til að miðla þekkingu byggðri á nýjustu rannsóknum og fræðilegri dýpt. Með skýrari verkaskiptingu á milli símenntunar háskóla og einkaaðila má koma í veg fyrir að ríkið fjármagni námskeið sem þegar eru í boði hjá einkaaðilum.

Sparnaður getur verið verulegur ef fjárveitingar eru skilyrtar við ákveðin námskeið, einkaaðilar fá aukið hlutverk þar sem þeir eru sterkari og háskólar einbeita sér að fræðilegum námskeiðum sem eru ekki í samkeppni við einkaaðila. Samfélagið fær þannig betri nýtingu á opinberu fé með lægri kostnaði fyrir ríkið og meiri fjölbreytni og fleiri valkosti fyrir þátttakendur og fyrirtæki.

VII. Verðstefna og heildaryfirsýn í lyfjamálum

1. Verðstefna í lyfjamálum

FA hefur árum saman - án árangurs - bent heilbrigðisráðuneytinu og undirstofnunum þess á að verðstefna ríkisins í lyfjamálum sé farin að vinna gegn upphaflegu markmiði sínu, að spara heilbrigðiskerfinu fé. Í gildi eru þær reglur og viðmið að hámarksheildsöluverð á sjúkrahúslyfjum miðast við lægsta verð í hinum norrænu ríkjum en verð á öðrum lyfjum hefur miðast við meðalverð á Norðurlöndum, nema á veltuminnstu lyfjunum.

Þessi stefna hefur þýtt að skráðum lyfjum á Íslandi hefur fækkað. Kostnaður við að skrá lyf á okkar litla markaði er sá sami og við skráningu á margfalt stærri mörkuðum, dreifing er dýrari

m.a. vegna mikils fjölda apóteka miðað við höfðatölu, kostnaður vegna ýmiss konar öryggisatriða er að stórum hluta fastur sama hvort um stóran eða lítinn markað er að ræða og loks bætist við kostnaður vegna krafna um að fylgiseðlar með lyfjum séu á íslensku í þágu öryggis sjúklinga, sem getur þýtt að endurmerkja þarf allar umbúðir á íslensku. Dæmi eru um að þessi kostnaður sé hærri en innkaupsverðið á lyfinu sjálfu. Lægsta verðið á margfalt stærri mörkuðum stendur augljóslega ekki undir öllum þessum kostnaði.

Þetta þýðir að lyfjaframleiðendur hafa afskráð lyf af íslenska markaðnum og skrá ekki og/eða markaðssetja ný lyf hérlendis. Nokkur Evrópuríki hafa sett skráð lyfjaverð hér á landi inn í sínar „viðmiðunarkörfur“ og lyfjaverð hér skapar því verðþrýsting í þessum ríkjum. Það dregur enn frekar úr hvata lyfjaframleiðenda til að skrá lyf hér á landi, því að verðið hér á landi getur leitt til lækkunar á verði á öðrum og mun stærri mörkuðum. Skráð lyf og markaðssett hér á landi eru aðeins lítil hluti þess sem gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Þetta þýðir tvennt. Annars vegar eru mörg ný lyf, með bætta virkni gegn ýmsum sjúkdómum, ekki í boði á Íslandi. Fólk sem þarf á lyfjameðferð að halda líður fyrir það. Fólk sem gæti komizt í virkni og vinnu ef það fengi réttu lyfin gerir það ekki, sem skapar kostnað annars staðar í heilbrigðiskerfinu og þýðir að ríkið verður af skatttekjum. Hins vegar þýðir þetta að ýmis ný lyf, til dæmis samheitalyf, sem eru hagkvæmari í notkun en eldri lyf, verða heldur ekki skráð á Íslandi. Þótt þau séu miklu ódýrari í notkun en eldri lyfin þýðir stefnan um lægsta verð eða meðalverð á Norðurlöndum að þau fást ekki skráð á Íslandi. Niðurstaðan er stundum sú að eldri lyf, sem eru bæði dýrari í notkun og með lélegri virkni, eru áfram í notkun í stað nýrra lyfja.

Ef ríkisstjórnin sér ekki strax að núverandi kerfi er farið að vinna gegn markmiðum sínum, er ráð að gerð verði heilsuhagfræðileg úttekt á kostnaðarlegum og lýðheilsulegum afleiðingum hinnar mjög svo óskynsamlegu verðstefnu í lyfjamálum.

2. Fjársóun vegna skorts á heildaryfirsýn

„Síló“-hugsun og skortur á yfirsýn í heilbrigðiskerfinu leiðir gjarnan til þess að eyririnn er sparaður en krónunni kastað. Þegar Landspítalinn býður út lyf, er það eingöngu verðið á lyfinu sjálfu sem ræður því hvaða tilboði er tekið, án tillits til þess hver kann að vera tengdur kostnaður við notkun þess. Niðurstaðan verður oft til þess að meðferðin verður dýrari en ella. Það kemur spítalanum hins vegar ekki við að mati stjórnenda hans af því að hann er eingöngu að passa upp á eigin rekstur.

Mýmörg dæmi eru þannig um að ódýrari, eldri innrennslislyf eru valin í útboði í stað t.d. nýrri útgáfa af lyfjum sem gefa má t.d. undir húð. Innrennslislyf þarf alltaf að gefa á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun og meðferðin tekur langan tíma fyrir bæði sjúkling og heilbrigðisstarfsmann. Mun styttri tíma tekur að gefa lyf undir húð og í sumum tilfellum getur sjúklingurinn gert það sjálfur. Dæmi eru um að sjúklingar utan af landi fljúgi mörgum sinnum á ári til höfuðborgarinnar til þess að fara í innrennslislyfjagjöf á Landspítalanum. Það kostar frí frá vinnu, flug og gistingu á sjúkrahóteli fyrir sjúklinginn. Í staðinn gæti sjúklingurinn fengið lyfið í heimabyggð og sparaði þá flug, gistingu, vinnutap og verðmætan tíma

heilbrigðisstarfsmanns við innrennislisgjöf. Vegna þess að stjórnendur spítalans horfa eingöngu á eigin fjárhagsáætlun, og jafnvel aðeins á einstaka liði þeirrar fjárhagsáætlunar, verður þessi óskynsamlega niðurstaða hins vegar ofan á, enda er kostnaðurinn við flug og gistingu greiddur af Sjúkratryggingum Íslands og annar tilfallandi kostnaður lendir á sjúklingnum sjálfum og eftir atvikum vinnuveitanda hans. Skattgreiðendur og samfélagið í heild tapar.

Önnur hlið á þessu máli er að inngjöf eldri innrennislislyfja er, eins og áður segir, mun tímafrekari og tekur upp margfalt lengri tíma heilbrigðisstarfsmanna. Það að geta styttn lyfjagjöf úr t.d. klukkustund í 10 mínútur dregur úr skorti á heilbrigðisstarfsfólki og styttn biðlista eftir lyfjagjöf. Þeir biðlistar eru of langir og afleiðing þess er að fólk er lengur án meðferðar, og þá jafnvel frá vinnu, en þyrfti að vera.

Rétt eins og varðandi verðstefnuna þýðir skortur á yfirsýn og heildarskipulagi að fé skattgreiðenda er sóað og viðskiptavinir heilbrigðiskerfisins búa við verri heilsu.

VIII. Afhúðun regluverks og einfaldara eftirlit með fyrirtækjum

1. Einfaldara eftirlit - minni kostnaður skattgreiðenda

Á síðasta kjörtímabili komu út mikilvægar skýrslur, úttektir og tillögur varðandi svokallaða gullhúðun Evrópureglna. Í stuttu máli kom fram að við stóran hluta af EES-löggjöf, sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt, hefur verið bætt séríslenskum kvöðum, sem eru íþyngjandi fyrir fólk og fyrirtæki. Í fjölda tilfella var engin grein gerð fyrir því í lagafrumvörpum eða reglugerðardrögum frá ráðuneytunum að verið væri að bæta við Evrópureglurnar. Gullhúðunin var þannig falin fyrir þeim sem rýndu tillögur að innleiðingu reglnanna, til dæmis hagsmunasamtökum og alþingismönnum. FA leggur ofuráherzlu á að farið verði að tillögum starfshóps utanríkisráðherra um aðgerðir gegn gullhúðun EES-reglna um að annars vegar verði komið í veg fyrir gullhúðun nema í skýrt rökstuddum undantekningartilfellum og hins vegar fari hvert ráðuneyti í gegnum alla innleidda löggjöf á sínu málefnasviði og „afhúði“, þ.e. felli út íþyngjandi reglur og kvaðir sem bætt hefur verið við Evrópulöggjöfina.

Mikilvægt er að ríkisstjórnin átti sig á að þyngra regluverk býr ekki eingöngu til kostnað hjá fyrirtækjum og dregur úr samkeppnishæfni Íslands, heldur býr það líka til aukinn kostnað hjá ríkinu og þar með fyrir buðu skattgreiðenda. Tökum dæmi: Algengt er að ráðuneytin eða undirstofnanir þeirra vilji að stærðarmörk fyrirtækja, sem eru tilgreind í EES-reglum varðandi t.d. skyldu fyrirtækjanna til upplýsingagjafar, verði færð neðar við innleiðingu reglnanna í íslenskan rétt vegna þess að annars falli svo fá íslensk fyrirtæki undir eftirlitið. Með þessu er annars vegar búinn til kostnaður, fyrirhöfn og flækjustig hjá fyrirtækjunum og um leið verður til þörf fyrir fleiri störf hjá hinu opinbera við að sinna eftirlitinu og safna upplýsingunum. Einfaldara eftirlit þýðir þess vegna sparnað hjá hinu opinbera, ekki síður en hjá fyrirtækjunum.

2. Farið verði að lögum um opinberar eftirlitsreglur

Í þessu samhengi getur FA ekki látið hjá líða að nefna umgengni stjórnarráðsins við lög um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999. Þau hafa það að markmiði að opinbert eftirlit stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytendavernd. „Eftirlit á vegum hins opinbera má ekki leiða til mismununar né takmarka athafnafrelsi nema almannahagsmunir krefjist,“ segir í 2. grein laganna. Í 3. grein er kveðið á um að þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits skuli viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. „Slíkt mat getur m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits.“

Samkvæmt lögnum ber ráðherra að skipa nefnd til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera og framkvæmd laganna. Samkvæmt lögnum geta þeir aðilar sem eftirlit beinist að og þeir sem hagsmuni hafa af opinberu eftirliti óskað eftir athugun nefndarinnar á tilteknum þáttum þess. Ráðherrar geta sent nefndinni til umsagnar mál er varða opinbert eftirlit. Jafnframt getur nefndin átt frumkvæði að athugunum á vissum þáttum eftirlitsins. Starf nefndarinnar skal miða að því að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við 3. gr. laganna og að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Ráðherra ber jafnframt að flytja Alþingi reglulega skýrslu um áhrif laganna, störf ráðgjafarnefndarinnar og önnur tengd atriði.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, eins og hún er nefnd í reglugerð 812/1999, var síðast skipuð í maí 2017 og rann skipunartími hennar út 31. maí 2020 án þess að skipað væri í nefndina á nýjan leik. Ráðherra málaflokksins hefur ekki flutt Alþingi skýrslu samkvæmt ákvæðum laganna frá því á löggjafarþinginu 2005-2006. Stjórnarfrumvarp um að lögin féllu úr gildi, en í þeirra stað kæmu lög um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni, náði ekki fram að ganga á löggjafarþinginu 2013-2014. Lögin eru í fullu gildi, en hver ríkisstjórnin á fætur annarri hefur hunzað þau.

FA hefur sent ráðuneyti málaflokksins, sem var fyrir stjórnarskipti menningar- og viðskiptaráðuneytið, tillögur og áskoranir um að ráðuneytið fari að lögum, ráðherra flytji þinginu skýrslu um framkvæmd laganna og ráðgjafarnefndin verði skipuð á ný. Jafnframt var lagt til að við endurskoðun löggjafarinnar yrði bætt við 6. grein laganna að starf nefndarinnar sé m.a. að fylgjast með því hvort farið sé eftir reglum um þinglega meðferð EES-mála

Engin viðbrögð hafa borizt frá ráðuneytinu við þessum tillögum og er áhugaleysi stjórnarráðsins á því að hemja opinbert eftirlit og einfalda regluverkið eftirtektarvert. FA ítrekar hér með ofangreindar tillögur og minnir aftur á að einfaldara eftirlit þýðir minni kostnað fyrir skattgreiðendur.

IX. Forðumst gervisparnað

FA leggur að lokum áherzlu á að þegar teknar verða ákvarðanir um sparnað og hagræðingu hjá ríkisstofnunum falli ríkisstjórnin ekki í þá gryfju að kostnaði sé velt af ríkinu yfir á fyrirtæki. Alltof mörg dæmi eru um það frá undanförunum árum að t.d. kostnaðarmat lagafrumvarpa snúi eingöngu að ríkissjóði en mat á kostnaði annarra sé aldrei framkvæmt.

X. Að lokum

Félag atvinnurekenda fagnar því frumkvæði ríkisstjórnarinnar að sækjast eftir sjónarmiðum og tillögum um sparnað og hagræðingu í ríkisrekstri. FA vonast til að þessar tillögur félagsins fái vandaða meðferð og skoðun. Það skal ítrekað að í mörgum tilvikum getur félagið lagt fram frekari gögn. Þá er FA ævinlega reiðubúið að funda með stjórnvöldum um framkvæmd sparnaðartillagna.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA